

Nd.

262. Frumvarp til laga

[131. mál]

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937 um samvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

- a. 3. tölul. falli niður.
- b. 6. tölul. orðist svo:

Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, að frádregnum opinberum gjöldum, sem á hann eru lögð, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.

2. gr.

Fyrri másl. 24. gr. laganna orðist svo:

Í samþykktum félags skulu vera ákvæði um greiðslur í varasjóð og aðra óskiptilega tryggingarsjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 3. gr. laga nr. 46/1937 um samvinnufélög segir svo:

„Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.“

Í 24. gr. sömu laga segir enn fremur, að árgjald í varasjóð félags og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skuli eigi vera minna samtals en 1% af sölu aðkeyptra vara og afurða.

Í frv. þessu er lagt til, að skylda samvinnufélaga til að leggja fé í varasjóði verði takmörkuð við þær upphæðir, er þau kunna að hafa í hagnað af skiptum við utanfélagsmenn, eftir að búið er að greiða af þeim hagnaði opinber gjöld, sem á hann eru lögð. Er þar átt við skatta og gjöld bæði til ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga. — Verður að líta svo á, að óeðlilegt sé að skylda félögin til að greiða verulegar fjárupphæðir í varasjóði umfram hagnaðinn af utanfélagsmannaviðskiptum. Má í þessu sambandi benda á, að engin ákvæði eru í lögum um skyldu annara félaga til að leggja fé í varasjóði.

Þó að frv. þetta verði samþykkt, geta samvinnufélögin að sjálfsögðu haft ákvæði í samþykktum sínum um meiri sjóðatillög en skylt er samkvæmt fyrir-mælum samvinnulaganna.